

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/516*  
*komudagur 9.12.2009*

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. desember 2009  
Tilvísun: UST20091100050/þek

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu, 19. mál**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Iðnaðarnefndar Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu, 19. mál.

Umhverfisstofnun fagnar þeirri umræðu sem upp hefur komið um landnýtingaráætlun fyrir ferðapjónustu á Íslandi. Að mati stofnunarinnar væri æskilegt að þingsályktunin myndi fjalla um heildstæða landnýtingu, sér í lagi á hálandi Íslands, sem væri í samhengi við núverandi og fyrirhugaðar landnýtingaráætlanir. Fyrir liggja ýmsar áætlanir og aðrar eru í vinnslu, t.d. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma en vinna við seinni hluta þeirra áætlunar er langt á veg komin. Til umfjöllunar hjá Alþingi er einnig náttúruverndaráætlun 2009-2013, en sú áætlun byggir á áætlun um friðlýsingu 13 svæða á fyrrgreindu tímabili. Engin heildstæð áætlun um verndun náttúru Íslands liggur fyrir. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að leggja fram eina heildstæða áætlun sem tekur á öllum þáttum landnýtingar, t.a.m. náttúruvernd, virkjun og iðnaði, ferðapjónustu og samgangna svo dæmi séu tekin. Slík áætlun hefur að nokkru leyti litið dagsins ljós í formi svæðisskipulags miðhálandis Íslands, en ljóst er að sú áætlun tekur aðeins til hluta þess svæðis sem fjalla þarf um auk þess sem brýn þörf er á endurskoðun þeirrar áætlunar.


Umhverfisstofnun telur þó inntak landnýtingaráætlunar eins og hún er kynnt í þingsályktuninni vera æskilegt upphaf að fyrrgreindri endurskoðun landnýtingar á hálandi Íslands. Leitast þarf við að kanna þölmörk þeirra svæða sem ferðamenn sækja, en einnig er nauðsynlegt að hægt verði að spá fyrir um þölmörk ferðamannasvæða sem ferðamenn hafa ekki enn sótt í miklum mæli. Svara þarf spurningunni hver eru þölmörk ferðapjónustu fyrir Ísland?

Töluvert er fjallað um víðerni í tillögunni og eru íslensk víðerni sýnd á korti í skjalinu auk þess sem vitnað er í skilgreiningu þeirra í náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun telur umrætt kort vera faglega unnið af Háskóla Íslands en bendir á að engin stoð er í íslenskum lögum um skilgreiningu á „villtu“, „villtara“, „villtustu“ landi eins og fram kemur á kortinu auk þess bendir stofnunin á að það er hlutverk Umhverfisstofnunar að skilgreina slík víðerni.

Ekkert samráð var haft við stofnunina við gerð umrædds víðernakorts. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar sem byggð eru á gögnum frá Landmælingum Íslands þá eru víðerni á Íslandi alls 32.917 km<sup>2</sup>, eða um 32% af flatarmáli landsins.

Í tillögnum er fjallað um landnýtingaráætlun og hver staða ferðapjónstunnar er í dag. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki nægjanlega vel fram hvaða rannsóknir þurfa að liggja baki til að búa til slíka áætlun og hver það er sem framkvæmir slíkar rannsóknir. Mikilvægt er að fyrir liggja áætlun um hvernig framkvæma eigi landnýtingaráætlun og hver það er sem leiðir slíka vinnu. Vinna við þolmarkagreiningu einstakra svæða liggur fyrir og er sú vinna að mati stofnunarinnar nauðsynlegt og þarft innlegg í þessa umræðu. Sú vinna byggist þó að mestu á því að greina hvort að þolmörkum svæða hefur verið náð á viðkomandi svæði en ekki hvað slík svæði þola og hvernig megi dreifa ferðamönnum um svæði til að auka þolmörk þeirra og hvort sú dreifing sé æskileg. Tilgreindir eru fjölmargir aðilar sem ættu að koma að slíku verki en skýra þarf frekar verksvið þeirra, hvernig fjármunir verði tryggðir og umfang áætlunar. Að mati Umhverfisstofnunar væri æskilegt að samþætta slíka áætlun öðrum landnýtingaráætlunum.

Virðingarfyllt



Hjalti Guðmundsson



Sigrún Agústsdóttir